

17-feb-2022



**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2021**  
**Samstæða**

<b>Rekstur</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur .....	13.023,1	11.351,5	12.068,8	11.571,1	11.740,8
Aðrar tekjur .....	134,8	78,8	98,6	150,6	52,9
Vöru- og umbúðanotkun .....	(6.315,9)	(5.334,6)	(5.651,4)	(5.360,7)	(5.825,3)
Laun og launatengd gjöld .....	(3.604,8)	(3.573,3)	(3.612,3)	(3.448,1)	(3.239,5)
Annar rekstrarkostnaður .....	(2.211,2)	(2.159,4)	(2.176,5)	(2.123,3)	(2.024,7)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar .....	(481,3)	(485,8)	(474,7)	(429,6)	(399,8)
<b>Rekstrarhagnaður(tap)</b>	<b>544,7</b>	<b>(122,8)</b>	<b>252,5</b>	<b>360,0</b>	<b>304,4</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(260,2)	(207,9)	(195,9)	(135,3)	(108,7)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	8,1	3,5	29,2	0,0	0,0
<b>Hagnaður(tap) fyrir skatta</b>	<b>292,6</b>	<b>(327,2)</b>	<b>85,8</b>	<b>224,7</b>	<b>195,7</b>
Tekjuskattur .....	(59,1)	68,2	(7,6)	(45,7)	(35,6)
<b>Hagnaður(tap) ársins</b>	<b>233,5</b>	<b>(259,0)</b>	<b>78,2</b>	<b>179,0</b>	<b>160,1</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>955,7</b>	<b>361,3</b>	<b>716,8</b>	<b>786,7</b>	<b>691,3</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>31.12.21</b>	<b>31.12.20</b>	<b>31.12.19</b>	<b>31.12.18</b>	<b>31.12.17</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	6.474,6	6.685,1	6.728,6	6.170,0	5.552,5
Veltufjármunir .....	4.156,2	3.400,2	3.151,6	3.112,4	3.104,7
<b>Eignir</b>	<b>10.630,8</b>	<b>10.085,3</b>	<b>9.880,2</b>	<b>9.282,4</b>	<b>8.657,2</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.349,5</b>	<b>5.046,2</b>	<b>5.335,9</b>	<b>5.328,9</b>	<b>5.181,2</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	530,1	537,3	534,8	533,5	529,9
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	3.527,3	3.110,1	3.200,7	2.435,7	2.073,5
Skammtímaskuldir .....	1.754,0	1.929,0	1.343,6	1.517,8	1.402,5
<b>Skuldir</b>	<b>5.281,3</b>	<b>5.039,1</b>	<b>4.544,3</b>	<b>3.953,5</b>	<b>3.476,0</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>10.630,8</b>	<b>10.085,3</b>	<b>9.880,2</b>	<b>9.282,4</b>	<b>8.657,2</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	1.026,0	363,0	727,2	789,6	704,2
Innra virði .....	10,1	9,4	10,0	10,0	9,8
Veltufjárhlutfall .....	2,4	1,8	2,3	2,1	2,2
Eiginfjárhlutfall .....	50%	50%	54%	57%	60%
<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	438	460	498	476	461



Reykjavík, 17. febrúar 2022.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma ársins 2021

- **Rekstrartekjur ársins 13.023 m.kr. en 11.352 m.kr. árið 2020**
- **234 m.kr. hagnaður á árinu á móti 259 m.kr. tapi árið áður**
- **EBITDA afkoma var 1.026 m.kr. en 363 m.kr. árið 2020**
- **Eigið fé 5.350 m.kr. og eiginfjárlutfall 50%**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjararðs hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á árinu 2021 var 234 m.kr. Árið áður var 259 m.kr. tap. Betri markaðsaðstæður og aðgerðir sem gripið var til skýra bættu afkomu frá fyrra ári. Eigið fé er 5.350 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 50%.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 13.023 m.kr. árið 2021, en 11.352 m.kr. árið áður og hækka því um 15%. Aðrar tekjur voru 135 m.kr. en 79 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 6.316 m.kr. en 5.335 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 3.605 m.kr. og hækkaði um tæpt 1%, annar rekstrarkostnaður var 2.211 m.kr. og hækkaði um rúm 2%. Afskriftir lækkuðu um tæpt 1%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 545 m.kr., en 123 m.kr. rekstrartap árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 1.026 m.kr. en var 363 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 260 m.kr., en voru 208 m.kr. árið áður. Gengistap var 4 m.kr. samanborið við 7 m.kr. gengishagnað árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var jákvæð um 8 m.kr.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 59 m.kr. en tekjufærður 68 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 234 m.kr. en 259 m.kr. tap árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 956 m.kr. árið 2021 samanborið við 361 m.kr. árið 2020. Heildareignir Slátturfélagsins 31. desember 2021 voru 10.631 m.kr. og eiginfjárlutfall 50%. Veltufjárlutfall var 2,4 árið 2021, en 1,8 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 362 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 419 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 131 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 44 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 226 m.kr. og bifreiðum 92 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2021 var ekki greiddur arður af B-deild stofnsjóðs og ekki reiknaðir vextir á A-deild stofnsjóðs.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundi í dag.

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri árshelmingis ársins 2022 þann 25. ágúst 2022.

### Aðalfundur

Aðalfundur Slátturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 18. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 14,84% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 4,84%, alls 26,7 m.kr. eða 0,1484 kr. á hvern útgefn hlut og reiknaðir 6% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 21,0 m.kr.



### **Staða og horfur**

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 50% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,4. Langtímatímaskuldir í lok árs voru 2.536 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 86 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma. Lausafjárstaða félagsins er einnig góð en handbært fé var um áramót 564 m.kr. og góður aðgangur að skammtímafjármögnun sé þess þörf.

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkðu um 1.672 m.kr. eða um 15% vegna betri markaðsaðstæðna og aðgerða til að auka tekjur. Staðan á veitingamarkaði batnaði auk þess sem samstæðan styrkti stöðu sína á smásölumarkaði. Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára um 493 m.kr.

Framleiðsla kjöts á landsvísu dróst saman um 0,3% á árinu 2021 en sala jókst um 2,4%. Áhyggjuefni er áætlaður samdráttur í kindakjötsframleiðslu á komandi árum en afkoma bænda í greininni er slæm og brýnt að hún verði bætt. Hækkunir á hrávörumarkaði hafa verið mjög miklar einkum á áburði og öðrum rekstrarvörum bænda. Verði stuðningur við greinina ekki aukinn með sértækum aðgerðum og hækkun á afurðaverði til lengri tíma getur það haft mjög neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu. Áfram er gert ráð fyrir neikvæðum áhrifum af innflutningi kjötvara á afkomu afurðahluta samstæðunnar.

Kjötiðnaður félagsins stendur vel. Á árinu var fjárfest í nýjum vélbúnaði til að auka enn frekar hagkvæmni matvælaframleiðslunnar. Ímynd félagsins á markaði er góð og staða lykilvörumerkja sterk sem treystir grundvöll fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði.

Sala á innflutningsvörum, matvælum og búrekstrarvörum jókst verulega milli ára. Góð tækifæri eru til frekari vaxtar en félagið er í samstarfi við leiðandi aðila á sínu sviði.

### **Fjárhagsdagatal**

Aðalfundur 2022	18. mars 2022
Janúar – júní 2022 uppgjör	25. ágúst 2022
Júlí – desember 2022 uppgjör	16. febrúar 2023
Aðalfundur 2023	17. mars 2023

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is  
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is